

OPIÐ HÚS EINU SINNI Í MÁNUÐI


Á aðalfundur félagsins sem var haldinn 18. mars 2014 Var ákveðið að HÆTTA að hafa vikulega opið hús alla þriðjudaga. Vonast er til að opið hús einu sinni í mánuði muni leiða til þess að aðsóknin verði betri og starfið markvissara. Þessi ákvörðun verður þó endurmetin á næsta aðalfundi að ári. Breytingin tók gildi frá og með þriðjudeginum 1. apríl.



OPIÐ HÚS FÉLAGS
NÝRNASJÚKRA
VERÐUR
FYRSTA ÞRIÐJUDAG
Í MÁNUÐI
Merkið við í dagatalið!

Félagsgjaldið 2014

Á aðalfundi félagsins lagði stjórnin til að almennt félagsgjald verði hækkað um 500 kr. í **3.500.- kr.** og hjóna eða fjölskyldugjald verði einnig hækkað um 500 kr. í **5.500.- kr.** Var það samþykkt eftir stutta og jákvæða umræðu.



Félag nýrnasjúkra Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244, netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: www.facebook.com/Felagnyrnasjukra Skrifstofan er opin: miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10–16. Svarað er í síma félagsins alla daga. Opið hús, spjall og umræður, þriðjudaga Kl. 17–19.



Nýrað

FRÉTTABRÉF 2..tbl. 27. árg. maí 2014

Efni: Vorferðin
Aðalfundurinn
Kviðskilun

Blóðskilun á Akureyri og
Selfossi



Vorferð félagsins um Reykjanes

Stjórn Félags nýrnasjúkra hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum í vorferð þeim að kostnaðarlausu.

Ferðin verður farinn sunnudaginn 25. maí. Lagt verður af stað kl. 13 frá Hátuni 10 B og áætlað er að koma aftur til baka fyrir kl. 18.

Bílstjórnin er vanur leiðsögumaður sem mun fræða okkur um staði og sögu svæðisins. Við stoppum á nokkrum stöðum, litumst um og skoðum söfn. Engar erfiðar göngur verða í þessari ferð, heldur í mesta lagi stutt og létt rölt.

Einhvern tíma síðdegis stoppum við og félagið býður uppá kaffi og með því.

Þeir sem vilja koma með í þessa ferð eru beðin að láta vita í síma eða með tölvupósti fyrir fimmtudaginn 22. maí. Það yrði stjórninni til mikillar ánægju að fá sem flesta með í för.

Sími félagsins er: 561 9244

Tölvupóstur: nyra@nyra.is

Skráningin er til þæginda við skipulagningu en stjórnin hefur ákveðið að farið verði sama hver fjöldinn verður. Hittumst heil og eigum góðan dag á Reykjanesi.

Aðalfundur félagsins



Aðalfundur félagsins var haldinn 18. mars s.l. Fundurinn var vel sóttur.

Starfsemi félagsins var fjölbreytt á síðasta starfsári eins og kom fram í skýrslu stjórnar sem formaður félagsins flutti. Haldnir voru 11 stjórnarfundir og höfðu stjórnarmenn samband þess á milli.

Afkoma félagsins var alveg þokkaleg á síðasta ári. Engu að síður var ákveðið að hækka félagsgjöld um 500.– kr. Skrifstofa félagsins er opin miðvikudaga og fimmtudaga. Opið hús hefur verið vikulega á þriðjudögum en ákveðið var á fundinum að breyta því og hafa opið einu sinni í mánuði, fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Þó ekki í júlí og ágúst.

Félagsmönnum hefur fjölgað lítillega í heildina þó að óvenju margir hafi fallið frá á síðasta ári og eru félagsmenn nú um 350 talsins.

Kosning stjórnarmanna. Úr stjórn áttu að ganga Hallgrímur Viktorsson en hann gaf kost á sér áfram og Vilhjálmur Þór Þórisson. Hann sagði sig frá stjórnarstörfum á síðasta ári, en Björn Magnússon sem var

varamaður tók við sæti Vilhjálmis sem aðalmaður. Björn gaf kost á sér áfram sem aðalmaður. Ekki voru fleiri tilnefndir og voru Hallgrímur og Björn því sjálfkjörnir með lófaklappi.

Varamenn voru kjörnir; Helga Jóhanna Hallgrímsdóttir til tveggja ára og Magnús Sigurðsson til eins árs.

Beðið var um kynningu á varamönnum og var orðið við því. Helga hefur áður verið í stjórn félagsins og stóð fyrir söfnun á vegum félagsins í fyrra. Magnús var ekki á fundinum þar sem hann átti ekki heimangengt frá Akureyri. Hann hefur einnig verið í stjórn félagsins áður. Hann hefur ásamt konu sinni haldið utan um starf félagsins fyrir norðan og haldið mánaðarlega fundi þar. Það má segja að hann sé útibússtjóri félagsins fyrir norðan.

Vegna úrsagnar stjórnarmanna á miðju síðasta tímabili varð úr að Magnús yrði kosinn í eitt ár. Þannig verður skipting stjórnarmanna í kjöri rétt í framtíðinni. Kjörnir skoðunarmenn reikninga eru Már Jónsson og Bragi Ingólfsson.

Kviðskilun

Að loknum formlegum aðalfundi félagsins fjölluðu hjúkrunarfræðingarnir Jóhanna og Sólborg um kviðskilun. Þær sinna kviðskilunarfólki á skilunardeild Landspítalans.

Fyrst voru þær með glærusýningu um kviðskilun og helstu atriði sem hana varðar. Síðan hófust miklar umræður og spurningar um margvísleg praktísk mál sem varða kviðskilunina. Bar þar margt á góma. Fólk deildi reynslu sinni og þær Jóhanna og Sólborg fræddu okkur um margvísleg atriði. Nefna má nokkur atriði. Hólmar kom með dæmi um að hann hafi notað stómapoka til að setja slönguna í. Það veitti honum það frelsi að geta farið í sund og heitan pott. Þær stöllur höfðu ekki heyrt af þessu og ítrekuðu varkárni varðandi hreinlæti. Þær sögðu einnig að þeir sem noti næturvél geti vel farið yfir í pokaskilun á ferðalögum. Margt fleira bar á góma. Þar bar etv. hæst sá mikli vandi sem fylgir tömu



kössunum. Flutnings aðilarnir taka ekki lengur kassana til baka. Tómir kassar hlaðast því upp hjá fólki, sem svo á í mesta basli með að losna við þá. Þetta eru vandaðir og sterkir kassar sem gjarnan mætti nýta áfram. Sveitarfélögin og sorphirðan þurfa að koma að lausn þessa máls.

Skilun á Akureyri og Selfossi

Málum blóðskilunar utan Reykjavíkur þokar nú áfram hægt og örugglega en þetta hefur lengi verið baráttumál félagsins.. Það stefnir í opnun á blóðskilun á Akureyri, jafnvel nú í haust og fljótlega uppúr því á Selfossi. Það vantar þó uppá að nauðsynlegur búnaður faist.

Nú virðist því framganga málsins að einhverju leiti vera undir okkur komið.

Það bráðvantar hreinsunarvélur fyrir vatn, á báða staðina og líklega sérlega nákvæma vigt líka. Félag nýrnasjúkra þarf því sem allra fyrst að hefja söfnun fyrir þessum búnaði.

Við hvetjum því félagsmenn okkar til að

benda þeim sem leggja vilja eitthvað að mörkum á styrktarsjóð félagsins.

Kt. 670387-1279 banki: 334-26-1558. Einnig má minna á heillaskeyti og minningakort félagsins sem pantar má í síma 561 9244 og á heimasíðu félagsins.

Reykjavíkur maraþon hefur verið góð fjáröflun fyrir félagið og vonum við að svo verði einnig nú og hvetjum við gott fólk til áheita.

Við vonum svo sannarlega að þetta takist og blóðskilun verði fljótlega í boði utan Reykjavíkur. Fyrst og fremst fyrir heimamenn en einnig fyrir gesti á ferðalagi um landið.